



Alþingi  
allsherjarnefnd  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. desember 2001  
Tilvísun: 2001110849 HHH/--

Persónuvernd barst hinn 12. nóvember 2001 erindi yðar dags. 8. nóvember 2001 þar sem Persónuvernd var send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um milliliðalaust lýðræði, 144. mál. Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika á notkun Netsins við að þróa milliliðalaust lýðræði.

Tæknilegar breytingar á kosningafyrirkomulagi í almennum kosningum hafa verið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi um nokkurt skeið. Þær hugmyndir sem helst hafa verið ræddar í þessu sambandi eru fjölbreyttar og vekja upp ýmiss konar ólík álitamál varðandi einkalífsrétt. Í ljósi örrar tækniþróunar á þessu sviði og með hliðsjón af því hve mismunandi áhrif þessar hugmyndir hafa á einkalífsrétt borgaranna hefur Persónuvernd enn sem komið er ekki tekið sérstaklega afstöðu til einstakra hugmynda af þessu tagi. Stofnunin hefur hins vegar tekið þátt í umfjöllun um málið á alþjóðlegum vettvangi. Nú síðast var af hálfu stofnunarinnar tekið þátt í umfjöllun um málið á alþjóðlegum fundi fulltrúa persónuverndarstofnana, sem haldinn var í september mánuði á þessu ári. Á fundinum var fjallað jafnt um lokuð sem opin rafræn kosningakerfi. Með lokuðum kerfum er hér átt við að afstaða kjósenda er flutt um upplýsingakerfi sem eru sjálfstæð og afmörkuð frá öðrum kerfum, þ.á.m. Netinu. Með opnum kerfum er hins vegar átt við kerfi sem nýta fyrirliggjandi upplýsingakerfi á borð við Netið. Með hliðsjón af þeirri umfjöllun vill Persónuvernd koma á framfæri eftirfarandi atriðum varðandi umrædda tillögu til þingsályktunar:


- Mikilvægt er að með tæknilegum breytingum á kosningafyrirkomulagi verði einkalífsrétti kjósenda ekki stefnt í hættu. Slík hættu getur m.a. skapast ef þær aðferðir sem teknar eru upp auka hættu á að hægt verði að rekja hvernig einstakir kjósendur hafa nýtt atkvæðisrétt sinn.
- Öryggi persónuupplýsinga felst ekki eingöngu í að tryggja leynd þeirra. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að þær skemmist ekki eða glatist. Því mega breytingar á kosningafyrirkomulagi ekki auka hættu á að kjósendur geti kosið oftast en einu sinni í sömu kosningum eða að atkvæði verði ranglega talin og kjósendur fái því ekki notið kosningaréttar síns. Að auki verður breytt fyrirkomulag að vera a.m.k. jafn öruggt og núverandi kosningafyrirkomulag er gagnvart hættunni á að atkvæði glatist.
- Nauðsynlegt er að engin tæknileg breyting verði gerð á kosningafyrirkomulagi nema að undangenginni ítarlegri úttekt á öryggi þess kerfis sem til stendur að taka upp. Æskilegt er að

sannreynt verði að slík kerfi standist kröfur um öryggi upplýsingakerfa, sem settar eru fram í alþjóðlegum stöðlum, áður en þau verða tekin í notkun. Rétt væri að slík úttekt yrði gerð af alþjóðlega viðurkenndum aðila.

- Ef fyrirhugaðar breytingar á kosningafyrirkomulagi byggjast á notkun tölvukerfa er æskilegt að kjósendur geti gengið úr skugga um að sá hugbúnaður sem verði notaður tryggi nægilega öryggi upplýsinga um atkvæðagreiðslur þeirra.
- Byggi fyrirhugaðar breytingar á kosningafyrirkomulagi á notkun opinna kerfa á borð við Netið er mikilvægt að hugað sé sérstaklega að þeim öryggishættum sem tengjast notkun slíkra kerfa og leiðum til að draga úr þeim, t.d. með notkun rafrænna undirskrifa.

Að lokum er beðist velvirðingar á að ekki skyldi takast að senda yður umsögn Persónuverndar innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í bréfi yðar.

Virðingarfyllst



Hörður H Helgason  
lögfræðingur